

BAYLEY-III þroskaprófið

Hverjum er námskeiðið ætlað?

Námskeiðið er fyrir sálfræðinga sem vinna við frumgreiningar á ungum börnum, t.d. hjá sveitarfélögum og í heilsugæslu. Bayley-III er þroskapróf og er megintilgangur þess að bera kennsl á þroskaseinkun hjá ungum börnum á aldrinum 1 til 42 mánaða. Einnig er hægt að nota prófið við mat á þroskaseinkun hjá leikskólabörnum sem ráða ekki við verkefni WPPSI.

Hámarksfjöldi þátttakenda: 25 þátttakendur

Lýsing á námskeiði

Á námskeiðinu verður farið yfir uppbyggingu prófsins, verklagsreglur, rannsóknir, vinnulag varðandi fyrirlögn prófsins, úrvinnslu og skýrslugerð. Ekki gilda sömu lögmál um prófanir á ungum börnum og eldri og notkun þroskaprófa er ólík notkun hefðbundinna greindarprófa. Nauðsynlegt er að þátttakendur hafi aðgang að prófinu til að námskeiðið nýtist sem best.

Námskeiðið skiptist í tvennt, fyrri hlutinn er 3 klst, fyrirlestrar, umræður og myndbandsáhorf. Seinni hlutinn verður síðan þegar þátttakendur eru búnir að leggja prófið fyrir og vinna úr gögnum. Hópurinn hittist á 2 klst fundi og fer sameiginlega yfir hvernig gekk og hvaða spurningar vöknudu.

Markmið

Að þátttakendur geti lagt fyrir Bayley þroskaprófið og túlkað niðurstöður.

Umsjón: Helga Kristinsdóttir sálfræðingur á Greiningar- og ráðgjafarstöð